

KB/sg

Reykjavík 7. mars 2011

Tilv.: 201102-0214-690

Samgöngunefnd Alþingis hefur sent ríkissaksóknara til umsagnar frumvarp til umferðarlaga, (heildarlög) 495. mál.

Tekið skal fram að fulltrúi ríkissaksóknara átti sæti í nefnd þeirri sem stóð að samningu frumvarpsins. Var sjónarmiðum embættisins því komið á framfæri í nefndarvinnunni. Eftirfarandi athugasemdir eru gerðar við frumvarpið:

*45. gr. Bann við ölvunarakstri*

Í frumvarpinu er lagt til að leyfilegt áfengismagn í blóði ökumanns sé lækkað úr 0,5 ‰ í 0,2‰. Af hálfu ríkissaksóknara er tekið undir þau sjónarmið sem fram koma í greinargerð með frumvarpinu til stuðnings þessari breytingu. Fyrir liggur að rannsóknir sýna að ölvunarakstri fylgir aukin slysatíðni.

*46. gr. Bann við akstri undir áhrifum ávana- og fikniefna*

Ríkissaksóknari tekur sérstaklega undir þær breytingar sem lagðar eru til í 46. gr. frumvarpsins þess efnis að mæling í þvagi ökumanns sé ekki fullnægjandi grundvöllur að ályktun um að ökumaður teljist undir áhrifum ávana- og fikniefna. Fyrir liggur að mælist fikniefni aðeins í þvagi telst ökumaður almennt ekki undir áhrifum og því óeðlilegt að honum skuli refsað fyrir aksturinn. Í reynd er þá verið að refsa ökumanni fyrir neyslu fikniefna, sem jafnvel hefur átt sér stað einhverjum dögum áður, en telja verður óeðlilegt að umferðarlög séu notuð í því skyni. Þá er bent á að akstur undir áhrifum fikniefna hefur ítrekunaráhrif þannig að í framkvæmd hafa ökumenn, sem einungis hafa mælist með fikniefni í þvagi, verið dæmdir í óskilorðsbundið fangelsi hafi þeir tvívegis áður gerst sekir um akstur undir áhrifum áfengis eða fikniefna.

Í greininni er lögð til grundvallar eyðutilvísun til laga um ávana- og fikniefni. Getur því fjöldi efna og afleiður þeirra fallið undir ákvæðið. Vegna þessa er rétt að koma því á framfæri að Jakob Kristinsson, prófessor við rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði, hefur ítrekað við ríkissaksóknara þá skoðun sína að rétt væri að tilgreind væru sérstaklega í reglugerð þau efni sem ekki mættu mælast í blóði ökumanns. Bent er á að falli efni ekki undir ákvæði má alltaf notast við 44. gr. frumvarpsins sem mælir fyrir um bann við akstri undir áhrifum örvandi eða deyfandi efna.

*48. gr. Öndunarpróf, öndunarsýni, blóðsýni o.fl.*

Í 4. mgr. 48. gr. er lagt til að samþykki ökumaður ekki þvagsýnatöku skuli fara með málið samkvæmt lögum um meðferð sakamála. Það þýðir að afla verður úrskurðar dómara um heimild til töku þvagsýns. Í framkvæmd reynir fyrst og fremst á öflun þvagsýnis ef ökumaður er ekki staðinn að akstri og ber fyrir sig að hann hafi neytt áfengis eftir að akstri lauk. Í þeim tilvikum er rannsókn á þvagsýni mikilvægt sönnunargagn. Af hálfu ríkissaksóknara þykir samt sem áður ekki rétt að gera athugasemd við þessar breytingu enda ljóst að þvinguð þvagsýnataka kann að vera niðurlægjandi fyrir sakborning. Þó er bent á að það getur verið vandkvæðum bundið í framkvæmd að fá úrskurð dómara í tæka tíð. Því lengri tími sem líður þar til að þvagsýni er tekið þeim mun ómarktækari verður rannsókn á sýninu. Jafnframt er í þessu sambandi rétt að benda á að neiti ökumaður að veita atbeina sína við rannsókn máls skv.

3. mgr. 48. gr. skal hann sviptur ökurétti eigi skemur en eitt ár, sbr. 3. mgr. 102. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt 22. gr. norsku umferðarlaganna (vegtrafikklov) má ökumaður ekki neyta áfengis eða annarra vímuefna næstu sex tíma eftir að akstri lýkur ef hann má búast við að aksturinn geti verið tilefni lögreglurannsóknar. Eins og að framan er getið reynir oftast á þvagsýnatöku í þeim tilfellum sem ökumaður er ekki staðinn að akstri. Algengt er að akstri ljúki með því að viðkomandi aki bifreiðinni útaf vegi þannig að hún verður ekki aksturshæf. Myndi sambærilegt ákvæði slá út af borðinu þá viðbáru, sem oft hefur sést í dómsmálum, að viðkomandi hafi drukkið áfengi ótæpilega eftir að hafa lent í óhappi.

#### *VII. kafli. Stjórnvaldssektir vegna brota á ýmsum reglum um akstur þungra ökutækja.*

Í 92. gr. er lagt til að Vegagerðin hafi heimild til að leggja stjórnvaldssektir á þá ökumenn sem aka ökutækjum sem eru meira en 3,5 tonn að leyfðri heildarþyngd sem brjóta gegn tilteknum ákvæðum umferðarlaga. Að mati ríkissaksóknara er þessi heimild í samræmi við hið sérhæfða eftirlitshlutverk sem Vegagerðinni er falið. Þó er bent á að að baki stjórnvaldssektum liggur ekki vararefsing (fangelsi) líkt og sektum samkvæmt 94. og 95 gr. frumvarpsins. Ennfremur er vakin athygli á að umræddar stjórnvaldssektir virðast að einhverju leyti eiga að standa undir rekstri við eftirlitið, sbr. 5. mgr. 92. gr. frumvarpsins.

#### *XVIII. kafli. Refsingar (einkum 94., 95. gr., 99. gr. og 100. gr.)*

Í lögnum er farin sú leið að tilgreina sérstaklega hvaða ákvæði laganna varða refsingu í stað þess að hafa almennt ákvæði eins og jafnan er gert í sérrefsilögum. Af hálfu ríkissaksóknara er ekki gerð athugasemd við þá leið. Hins vegar er bent á að ekki er getið um brot gegn 15. gr. (vegfarandi fer yfir akbraut á rauðu ljósi/notar ekki akbraut ef hún er nálægt) eða brot gegn 68. gr. (öryggi, gerð og búnað ökutækis).

Í 2. mgr. 94. gr. er kveðið á um að ökumaður sem hefur sætt stjórnvaldssekt Vegagerðarinnar vegna brot gegn ákvæðum IX. kafla um aksturs- og hvíldartíma ökumanna skuli sæta sektum skv. greininni. Ekki er hins vegar fjallað um brot gegn öðrum ákvæðum sem Vegagerðinni er heimilt að ljúka með stjórnvaldssekt, t.d. 77. gr. um hleðslu ökutækja.

Í 4. mgr. 94. gr. er kveðið á um að heimilt sé að gera skráðum eiganda eða umráðamanni vélknúins ökutækis sekt, ef það hefur verið notað gegn broti á ákvæðum 35. eða 36. gr. um hraðakstur og aksturinn er myndaður í löggæslumyndavél. Þarf ekki að sýna fram á ásetning eða gáleysi eiganda eða umráðamanns ef brot ökumanns varðar ekki punktum skv. 2. mgr. 100. gr., enda hafi ökumaðurinn ekki notað ökutækið í algjöru heimildarleysi. Hér er því um svokallaða hlutlæga refsíabyrgð að ræða sem er undantekningarreglan þar sem hefðbundnum saknæmisskilyrðum er ekki fullnægt. Gerðar voru athugasemdir við ákvæðið af hálfu fulltrúa ríkissaksóknara í nefndinni er samdi frumvarpið enda með öllu órannsakað hvort eftirlit og úrlausn brota gegn ákvæðum um aksturshraða verði í raun skilvirkara í framkvæmd eins og fullyrt er í greinargerð. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu greiðist meirihluta sekta vegna löggæslumyndavéla greiðlega og reynist lögreglu almennt auðvelt að fá upplýsingar frá skráðum eiganda um ökumann. Í frumvarpinu er þó sleginn sá varnagli að varði brotið punktum komi hlutlæg refsíabyrgð ekki til greina. Með hliðsjón af þeim fyrirvara setur ríkissaksóknari sig ekki á móti ákvæðinu.

Gert er ráð fyrir því í 2. mgr. 99. gr. að heimilt verði að veita sakborningi sem hefur tekjur undir hálfum öðrum lágmarkslaunum allt að 25% afslátt af upphaflegri sektarfjárhæð. Ríkissaksóknari bendir á að þessi regla gæti leitt til þess að færri málum ljúki með svokölluðum vettvangssektum, sbr. 148. gr. sakamálalaga nr. 88/2008, þar sem upplýsingar um tekjur sakborninga liggja almennt ekki fyrir á vettvangi. Hvað varðar þau viðmið sem ákvæðið gerir ráð fyrir þá er um að ræða lágmarkslaun eins og þau eru skilgreind í samningi Starfsgreinasambandsins og Samtaka atvinnulífsins og þau því mismunandi og ekki bundin við ákveðna krónutölu. Ríkissaksóknari veltir því upp hvort ekki sé réttara að miða við t.d. atvinnuleysisbætur.

Með frumvarpinu eru refsingar hertar og sviptingartími lengdur. Ríkissaksóknari hefur efasemdir um að fangelsisrefsing og frekari svipting ökuréttar hafi varnaðaráhrif vegna þessa hóps sem henni er beint að. Þeir sem aka ítrekað ofurölvi eiga oftast við áfengisvandamál að stríða og við því á að bregðast með réttum hætti, þ.e. með því að dæma viðkomandi í áfengismeðferð/fræðslu samhliða sviptingu sem dæmi. Með hliðsjón af því hve ökuréttindi eru mikilvæg hverjum manni í nútímasamfélagi telur ríkissaksóknari enn fremur varhugavert að lengja sviptingartíma, a.m.k. ef fyrirséð er að engin sérstök hætta hefur stafað af akstrinum.

Að öðru leyti eru ekki gerðar sérstakar athugasemdir við frumvarpið utan þess að lagt er til ákvæði 46. gr. um bann við akstri undir áhrifum ávana- og fíkniefna taki gildi strax.

Virðingarfyllst,

  
Kolbrún Benediktsdóttir, settur saksóknari

Nefndasviðs Alþingis  
Austurstræti 10  
150 Reykjavík